

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 267/2023

2024/EES/42/21

frá 27. október 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1608 frá 30. maí 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á perflúoróhexansúlfónsýru (PFHxS), söltum hennar og skyldum efnasamböndum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1423 frá 5. júlí 2023 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1421 frá 6. júlí 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er leyst úr natríummetabísúlfíti sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1429 frá 07. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/1423 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 ⁽⁶⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 233, 8.9.2022, bls. 83.

„– **32023 R 1608**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1608 frá 30. maí 2023 (Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 24).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzn (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/471):

„12zzzzzzzzzo. **32023 D 1424**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17),

12zzzzzzzzzp. **32023 R 1421**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1421 frá 6. júlí 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er leyst úr natriummetabísúlfíti sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 9 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 9),

12zzzzzzzzzq. **32023 R 1429**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1429 frá 7. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokk 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 12).“

3. Texti liðar 12zzzzzzzzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1608, framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1421 og (ESB) 2023/1429 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/1423 og (ESB) 2023/1424 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.